

**Námsáætlun fyrir Sjónlist - 3. bekkur**  
**skólaárið 2023 - 2024**



**Kennari:** Drífa Pöll Reynisdóttir

**Tímafjöldi:** 2 kennslustundir á viku, hálf skólaár.

Námsþættir	Hæfniviðmið	Kennsluhættir/leiðir	Námsmat
<p><b>Sjónlist</b></p> <p><b>Formfræði, litafræði og myndbygging</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Frumþættir myndlistar, lita og formfræði</li> <li>• Teikning, málun og litun með mismunandi litategundum og áhöldum</li> <li>• Klippimyndir og blönduð tækni</li> </ul> <p><b>Listrýni</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Mynd út frá sögu.</li> <li>• Teikna eftir tónlist og tilfinningum</li> <li>• Tjáning um eigin verk og annarra á uppbyggilegan hátt</li> </ul>	<p>Nýtt sér í eigin sköpun einfaldar útfærslur sem byggja á færni í meðferð lita- og formfræði og myndbyggingar.</p> <p>Skapað myndverk í ýmsum tilgangi með margvíslegum aðferðum.</p> <p>Greint að einhverju leyti á milli mismunandi aðferða við gerð listaverka.</p> <p>Útskýrt og sýnt vinnuferli sem felur í sér þróun frá hugmynd að myndverki.</p> <p>Unnið út frá kveikju við eigin listsköpun.</p> <p>Þekkt og notað hugtök og heiti sem tengjast lögmálum og aðferðum verkefna hverju sinni.</p> <p>Fjallað um eigin verk og annarra.</p>	<p>Kynnt verða listaverk frá mismunandi tímum í mannkynssögunni.</p> <p>Nemendur vinna að sköpun út frá áhrifavöldum í listasögunni.</p> <p>Nemendur læra að meðhöndla mismunandi efnismiðla.</p> <p>Nemendur vinna verkefni í tví- og þrívíð.</p> <p>Sjónrænar kveikjur</p> <p>Sýni og Verkleg kennsla</p>	<p>Verkefnamappa</p> <p>Vinnubrögð og færni eru metin á vinnutímabilinu.</p> <p>Metin verður þekking og meðhöndlun efna.</p> <p>Metin er hugmyndavinna sköpun og útfærsla á eigin hugmyndum við verkefnavinnu.</p> <p>Metin verður frammistaða og virkni í tíma.</p> <p>Allir þættir námsins eru metnir samkvæmt hæfnimiðum Aðalnámskrár Grunnskóla.</p> <p>Lögð er áhersla á símat, ferilmöppu, leiðsagnarmat,</p>

<ul style="list-style-type: none"> <li>• Ákveðnar lista- stefnur og listamenn</li> </ul> <p><b>Umgengni</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Meðhöndlun efna og áhalda og umgengni í stofunni og á sínu vinnusvæði</li> </ul>	<p>Skilið mismunandi tilgang myndlistar og hönnunar.</p> <p>Greint að einhverju leyti á milli mismunandi aðferða við gerð listaverka.</p> <p>Gengið frá eftir vinnu sína.</p>	<p>Nemendur fá innlögn að verkefnum frá kennara í tíma</p> <p>Nemendur vinna að listsköpun undir leiðsögn</p>	<p>frammistöðu og færni nemandans.</p>
<p><b>Námsgögn:</b> Bækur, blöð og verkefnahugmyndir og fræðslumyndbönd af veraldarvefnum ásamt efniviði og verkfærum í eigu skólans. Listaverkabækur, Litafræði og Formfræði.</p> <p><b>Efniviður:</b> Pappír í ýmsum gerðum. Þekju-, vatns-,blek-, og akrýllitir. Tré-, túss-, vax-, og krítarlitir.</p> <p><b>Verkfæri:</b> Blýantar, pennar, skæri, pennslar, svampur, reglustikur, lím.</p>			
<p><b>Markmið:</b></p> <p><b>Að nemandi geti:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Tjáð sig á skapandi og myndrænan hátt</li> <li>• Læri fjölbreyttar aðferðir og leiðir til sköpunar</li> <li>• Geti unnið sjálfstætt og læri færni í þekkingu lita og formfræði</li> <li>• Geti unnið út frá eigin styrkleikum</li> </ul>			

**Lokanámsmat:**

Að ofan er búið að lista upp þau hæfniviðmið sem verður unnið með þetta skólaár. Nemendur fá endurgjöf frá kennara um framgöngu í námi með fjórum hæfnitáknum og safna þannig á hæfnikort sitt.